

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 339

september 2023



We Serve



Changing the World

Ágústpistill Alþjóðaforseta



Kæri lionsfélagi,
Ég trúi því að krafturinn til að gera heiminn að betri stað sé í okkar höndum. Áhrif sem við höfum sem lionsfélagar gerir það svo sérstakt að vera lionsfélagi. Sérhver lítil þjónusta skapar persónuleg áhrif og sameiginleg áhrif góðvildar okkar geta breytt heiminum að eilífu. Þess vegna er „Changing the World“ skilaboðin mín til Lions og heimsins.

„Changing the World“, að breyta heiminum hefst hjá okkur. Það byrjar þegar við breytum lífi fólksins sem við þjónum og finnum að við höfum líka breyst. Allt þetta vex þegar við breytum samfélögum sem þörf er á að hjálpa og breyta. Það margfaldast þegar við sýnum heiminum að raunverulegar breytingar eru sannarlega mögulegar og að Lions eru að breyta heiminum – eitt líf, eitt samband og eitt samfélag.

Að starfa sem alþjóðaforseti Lions er ótrúlegur heiður. Þú og ég, saman, getum skipt sköpum. Verum djörf og leiðum leiðina fram á við til betri framtíðar og heim breytinga.

Ykkar í þjónustu,
Dr. Patti Hill
Alþjóðaforseti Lions

Þýðing: Þorkell Cýrusson



Stækkaðu klúbbinn þinn og áhrif þín

Septemberpistill Alþjóðaforseta

Kæri lionsfélagi,
Fegurðin við að vera Lions er að það eru svo margar leiðir sem við getum þjónað og hjálpað fólki í neyð. Þegar þú skipuleggur starf klúbbsins þíns fyrir árið hvet ég þig til að hugsa ekki aðeins um hvernig þú getur haft áhrif - heldur einnig að kanna nýjar leiðir til að auka áhrifin.

Tvær af bestu leiðunum til að auka samfélagsáhrif og þjónustugetu klúbbsins þíns eru að bæta við fleiri meðlimum og vera djörf með þjónustuverkefni og kynningar.

Fleiri hendur þýða meiri þjónustu ekki satt?

Algjörlega! Fleiri lionsfélagar þýða líka fleiri hugmyndir og fleiri samfélagstengingar, sem skapa fleiri tækifæri fyrir þig til að vinna frábært starf. Svo, við skulum bjóða sem flestum að vinna með okkur. Við opnum arma okkar fyrir heiminum, svo við skulum opna klúbbana fyrir samfélögum okkar.

Þegar það kemur að starfi þínu þá skaltu ekki hika við nýjar áskoranir. Nýttu þér öll tiltæk úrræði til að hjálpa þér að koma lausnum þínum á áskoronum í framkvæmd. Leitaðu til samtakanna okkar til að fá ábendingar, verkfæri og innblástur til að skipuleggja verkefni þín

og leitaðu til hreyfingarinnar okkar til að fá mögulega styrki til að hjálpa þér að auka þjónustu þína. Vertu viss um að deila sögu þinni um starf þitt með samfélaginu þínu.

Ástríða þín, þrautseigja og góðvild eru ekki aðeins innblástur í heiminum, þau eru að breyta heiminum. Haltu áfram frábæru starfi.

Til þjónustu reiðubúin,
Dr. Patti Hill
Alþjóðaforseti Lions

Þýðing: Þorkell Cýrusson

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.

Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.

Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 26. október

Fjölumdæmisstjóri

Sigfríð Andradóttir,

fjölumdæmisstjóri MD 109



Sælir ágætu lionsfélagar,
Nú er nýtt starfsár hafið og ég hlakka til að fá að starfa með ykkur öllum í vetur hvar sem þið eruð stödd á landinu. Kjörorð mín eru: Saman vöxum við / Together we grow. Ég hef ávallt verið hrifin af samvinnu, öll erum við mismunandi og ef við störfum saman bætum við hvort annað upp, áorkum meira og

árangurinn verður betri. Þess vegna höfum við teymi í fjölumdæminu með þremur aðilum, tveimur fulltrúum úr sitt hvoru umdæminu ásamt einum frá fjölumdæminu sem stjórnar teyminu. Umdæmisfulltrúarnir hafa síðan með sér í teymi 2-3 félagar sem vinna náðið með þeim. Með því að umdæmin vinni saman ásamt fjölumdæminu verðum við sterkari og áorkum meira.

Alþjóðþing

Þingið var haldið í Boston þetta árið dagana 7. til 11. júlí. Það var ágætis hópur sem fór frá Íslandi eða allt í allt 18 manns. Boston tók alltof vel á móti okkur yfir 30 stiga hiti og glampanði sól svo það var ágætt að hótelið sem við gistum á var hinum megin við götuna frá þingstaðnum. Þetta var hefðbundið þing að mestu leyti en samt ánægjulegt að vera aftur viðstödd þegar að kona var í annað skiptið kjörin alþjóðaförseti, en það er Patti Hill frá Kanada. Fullt af námsstefnum eru í boði alla daga og það er oft erfitt að ákveða á hvað maður á að fara. Á þessu þingi, eins og öllum öðrum, sóru

umdæmisstjórar þess eið að fara eftir lögum og reglum Lions við störf sín fyrir Lions. Þetta starfsár eru það Friðrik Hansen Guðmundsson sem fer fyrir umdæmi 109A og Baldur Ingi Karlsson fyrir umdæmi 109B. Eins og hefð er fyrir gengum við stolt í skrudgöngunni berandi íslenska fánann, við fórum í með hinum Norðurlandaförunum í það sem er kallað „Get together“ en þessi fimm lönd halda sameiginlega hitting þar sem borðaður er góður matur, við kynnumst nýju fólki sem hefur sama áhugamál og maður sjálfur og er þetta skemmtilegur siður. Einnig höldum við með þeim það sem kallað er „Hospitality Room“ en þá bjóðum við fólki frá hinum ýmsu löndum, skreytum borðin okkar með fánum hvers land og erum gestgjafar. Stór atburður gerðist fyrir okkar litla Ísland en á alþjóðþinginu var kosinn nýr alþjóðastjórnarmaður frá Íslandi, Halldór Kristjánsson og óska ég honum til hamingju með það. Að venju voru Guðrún Björt og Jón Bjarni okkur til halds og trausts en við Íslendingar eigum þar frábæra lionsfélaga,



Fáni umdæmisstjóra.



Fánahylling í Boston.



Verið að bíða eftir að komast af stað í skrudgönguna.



Allir tilbúnir.



Loksins komin af stað.

öllum hnútum kunnug og alltaf boðin og búin til að aðstoða okkur þegar við þurfum á því að halda.

MISSION 1,5 m

Við munum fara í kynningarátak fljótlega en ég get ekki annað en minnst á það. Það sem átt er við með MISSION 1.5 m er að ákveðið var að fara í svipað átak og Campaign 100 sem tókst afar vel og takmarkið er að við verðum búin að ná því að verða 1.5 milljón manns í hreyfingunni árið 2027. Við erum um 1,4 milljónir í dag og ef allir lionsfélagar í heiminum biðu inn 1 félagi á þessum árum þá ætti það að takast með glæsibrag. Þetta verkefni er eitthvað sem þarf að kynna fyrir öllum lionsfélögum og lendir það í hlut umdæmisstjóranna og varamanna þeirra ásamt svæðisstjórum að tala um það í heimsóknum til klubbanna og á svæðisfundum. Fjölmæmið mun senda út á ráðstefnu um þetta verkefni til Rómar, hann Jón Pálmason GMT stjóra þann 9. september og eftir að hann kemur heim ætla

hann ásamt Guðrúnu Björt og Halldóri að halda opinn Zoom fund fyrir alla lionsfélaga. Vil ég hvetja alla hvert sem hlutverk ykkar er að fjölmenna á hann. Jón Pálmason GMT stjóri er búinn að búa til 7 manna teymi til að vinna með sér að félagamálum og er grein frá honum um þau annars staðar í blaðinu.

Markaðs- og kynningarmál

Síðastliðið vor gerðum við samning við auglýsingastofuna ENNEMM um marks- og kynningarmál. Hafsteinn Sv. Hafsteinsson kom á sameiginlega fjölmæmis- og umdæmisfundinn ásamt Sigríði og hleypti starfinu af stað.

Í lokin af kynningu Hafsteins var smá hugarflug um Lions á Íslandi og sendi Niels Finsen markaðs- og kynningarstjóri okkur þessar þrjár spurningar sem hann bað okkur að hugleiða og koma með tillögur.

Hverju ætti Lions að breyta af því sem gert er í dag?

Hverju ætti Lions að taka uppá sem ekki er gert í dag?

Hverju ætti Lions að hætta sem gert er í dag?

Almannaheillaskrá

Í dag eru breyttar reglur varðandi það að klúbbar fái niðurgreiðslu á tolli þegar þeir eru að kaupa eitthvað erlendis frá. Það þarf að sækja formlega um að vera á almannaheillaskrá og það er ekki sama hvernig klúbbar fylla út eyðublaðið til þess. Vinsamlegast hafið samband við skrifstofuna okkar og fáið aðstoð við það. Netfangið er: lions@lions.is og símanúmerið er: 561 3122.

Ég vona að starfið hjá ykkur gangi vel í vetur og veit að ef við vinnum saman, hjálpum hvert öðru með að mæta á fundi og rífa starfið upp með góðum verkefnum mun árangurinn verða eftir því.



Halldór Kristjánsson að flytja ávarp.



Stoltir Íslendingar með nýja alþjóðastjórnarmanninn sinn.



Norrænu umdæmisstjórnarnir ásamt fjölmæmisstjórunum sínum á Hospitality Room.



-Sigfríð fjölmæmisstjóri ásamt Fríðrik umdæmisstjóra 109A og Baldri umdæmisstjóra 109B.



Fjölmæmisstjóri og umdæmisstjórnar ásamt mökum við íslenska borðið.



Fjölmæmisstjórnarnir á Norðurlöndunum 2023-24 (frá vinstri) Mika frá Finnlandi, Sigfríð frá Íslandi, Ida frá Danmörku, Anne-Kathrine frá Noregi og Pia frá Svíþjóð.



Við stelpurnar Sigfríð, Arna og Ingibjörg.



Stýrurnar starfsárið 2018-19 ásamt alþjóðaforseta (frá vinstri) Sigfríð, Björg Bára, Patti Hill og Geirþrúður.



Danska borðið.

Lions er lífstíll

Friðrik Hansen Guðmundsson

Umdæmisstjóri 109A



Lions klúbbar landsins eru að hefja sitt Lvetrarstarf um þessar mundir. Það gerðum við með formegum hætti í Umdæmisstjórn 109A laugardaginn 26. ágúst sl. en þá héldu umdæmin tvö og fjöllumdæmið sameiginlegan fund þar sem vetrarstarfinu var ýtt úr vör. Embættisbréf og merki afhent og farið yfir áherslur og verkefni vetrarins.

Það er samt ekki hægt að ræða um komandi vetrarstarf nema minnst fyrst á glæsilegt Lions þing á Akureyri í maí. Þetta þing var góður endir á góðu starfi þáverandi umdæmistjóra og fjöllumdæmistjóra. Klúbbarnir á Akureyri eiga þakkir skyldar fyrir þingið og alla umgjörð þess. Öll aðstaða var til fyrirmyndar og makaferðin sló í gegn. Sú breyting var gerð að skólarnir voru mjög stuttir og umdæmisþingin fengu bara eina klukkustund til gera upp sín mál og ljúka sínu starfsári. Ég hefði viljað sjá endurhvarf til fyrri tíma varðandi þessi tvo þætti þingsins, lengja skólana á ný og gefa umdæmisþingunum meira vægi á næsta þingi.

Alþjóðþing Lions í Boston var svo upplifun. Um 11.000 manns tóku þátt frá um 190 löndum. Að taka þátt í svo fjölmennu þingi með fólki frá öllum löndum heims er upplifun sem seint gleymist. Þingið kom mér reyndar á óvart í fyrstu, því þegar ég gekk inn á fyrsta fundinn þá hélt ég að ég væri kominn á rokk tónleika. Þetta vandist fljótt, en hávær tónlist var mikið notuð á þinginu á milli atriða og stundum hluti af fyrirlestrunum. Þetta var magnað.

Fyrir utan umdæmisstjórana og eiginkonur þeirra var fríður hópur frá Íslandi sem tók þátt í þessu þingi. Að taka þátt í skruðgöngu Lions fólks í gegn um miðbæ Boston var ótrúleg upplifun. Fulltrúar frá öllum þessum þjóðum með sína þjódfána, í þjóðbúningum, já

litadýrðin var ævintýralega. Það var glatt á hjalla í skruðgöngunni og sungið hástöfum.

Fjöldi Lions fólks sækir þessi þing þó svo það fólk sé ekki að sinna skildu störfum á þinginu. Ég hitti t.d. norska feðga sem voru með norska hópnum. Faðirinn var í Lions og hafði unnið ferð í norska Lions happdrættinu, miða fyrir tvo á þingið. Þetta er kannski eitthvað fyrir okkur að skoða, að setja á fót svona happdrætti?

Það var sérstakt ánægjuefni að taka þátt í þessu þingi í Boston því þau hjón Guðrún Björt Ingadóttir og Jón Bjarni voru þarna þátttakendur. Alstaðar var þeim tekið eins og þjóðhöfðingjum. Guðrún Björt er farin að vinna með Dr. Patti Hill, Alþjóðaforseta Lions, þannig að dagskráin hjá þeim var löng og ströng. Þau lögðu mikið á sig til þessa að vera með íslenska hópnum, fóru með fremstu bílum í skruðgöngunni og komu svo til baka til að ganga með okkur Íslendingunum og þannig má áfram telja. Ég þakka þeim hjónum fyrir góðar stundir í Boston og það er gleðiefni að vita til þess að vegna þessara nýju verkefna Guðrúnar Bjartar fyrir Alþjóðaforseta þá eiga væntanlegir umdæmisstjórar á næstu árum þess kost að hitta þau á komandi alþjóðþingum. Næsta þing er í Ástralíu og hvet ég alla sem geta og langar að fara á þingið í Ástralíu og upplifa að minnsta kosti eitt alþjóðþing Lions á ævinni á framandi slóðum.

Við ættum kannski að safna fólki í ferð á þingið í Melbourne, Ástralíu? Ef einhverjir hafa áhuga þá sendið mér póst, fridrikhansen@gmail.com, og við sjáum hve margir vilja fara í svona ferð. Ef áhugi er fyrir hendi þá finnum við gott verð á flugi og gistingu og fjölmennum í skipulagða ferð á þingið í Melbourne í Ástralíu. Sjá nánar um þingið í Melbourne hér: <https://lionscon.lionsclubs.org/>.

Umdæmis- og fjöllumdæmisfundurinn sem við höldum nú í ágúst var með sama hætti og samskonar fundur sem haldinn var síðasta vor, þ.e. þetta var sameiginlegur fundur umdæmanna og fjöllumdæmisins. Það má segja að það henti vel að halda svona sameiginlega fundi og ræða þau mál sem eru sameiginleg, en það eru í raun flest mál. Þess vegna hafa þessir síðustu tveir fundir verið haldnir með þessum hætti. Má í því samhengi nefna sameiginleg verkefni eins og rauð fjöður, ungmennaskiptin, blóðsykurmælingar, Alþjóða hjálparsjóðnum o.s.frv. Til að minna á þá eru í dag starfandi þrjár nefndir sem sinna verkefnum eins og rauð fjöður, ungmennaskiptum, blóðsykurmælingum, Alþjóða hjálparsjóðnum o.s.frv.. Til að skýra þetta betur þá er ein nefnd í umdæmi 109A, önnur í 109B og svo ein í fjöllumdæminu, alls þrjár nefndir sinna



Að aflokinni skruðgöngu á Alþjóðþingi Lions í Boston, 23. Júlí.



eingöngu ungmennaskiptunum, aðrar þrjár Alþjóða hjálparsjóðnum o.s.frv.

Þór Steinarson vék að því í grein í Lionsblaðinu í byrjun árs hvort sameina ætti umdæmin. Í framhaldi af þessum tveim fundum sem ég nefni þá spyr ég líka hvort við eigum að sameina umdæmin í eitt umdæmi og leggja fjöllumdæmið niður. Hér má benda á eftirfarandi:

Á þinginu í Boston voru allar reglur um lágmarksfjölda í umdæmum til að eiga kjörgengi í stöður á vegum Alþjóðastjórnar felldar niður. Það þýðir að hugsa má upp á

nýtt hvernig klúbbarnir skiptast með sem eðlilegustum hætti milli svæða og í framhaldi er eðlilegt að meta hvort við hér heima stöndum sterkar saman í einu umdæmi í stað tveggja þegar við tökumst á við þá fækkun félaga sem orðið hefur á síðustu árum, fækkun sem veikt hefur bæði umdæmin.

Þá verður bara ein nefnd sem sinnir ungmennaskiptunum, ein nefnd sem sinnir fræðslumálunum o.s.frv. Þessum erfiðleikum að manna öll þessi embætti í öllum þessum nefndum mun því væntanlega ljúka eða minnka.

Fjölga má nefndarmönnum í nefndum miðað við það sem nú er og tryggja að það sé, t.d. einn fulltrúi frá hverju landsbyggðakjördæmi og svæðisstjórar verða með svipuðum hætti og verið hefur.

Samhliða því að umdæmin væru sameinuð í eitt umdæmi þá þyrfti ritari umdæmisstjóra að sinna núverandi störfum fjölumdæmis-

stjóra, þ.e. sjá um skrifstofuna, Lionsheimilið og sinna erlendum samskiptum. Umdæmisstjóri myndi þá velja sér ritara þegar hann kemur inn sem annar vara umdæmisstjóri og teymið starfar þá saman þessi 3 ár. Eðlilegt væri að þessi ritari umdæmisstjóra í ljósi þess viðamikla hlutverks sem honum er falið að ritari væri á fullum launum frá og með þeim tíma sem umdæmisstjóri tekur við embætti og út starfsárið. Ritari hefði þá aðstöðu á skrifstofunni í Hlíðarsmára. Við myndum þá skipta öðrum starfsmanni skrifstofunnar út fyrir ritara umdæmisstjóra. Á skrifstofunni störfuðu áfram tveir starfsmenn.

Þetta er hugmynd til að velta fyrir sér og spjalla um í vetur.

Mun slík breyting einfalda stjórnun hreyfingarinnar, fækka óvirkum nefndarmönnum, stytta boðleiðir og þar með styrkja Lions hreyfinguna hér heima og gera hana betur í stakk búna að takast á við þau fjölmörgu

verkefni sem við erum nú þegar með í gangi og ættum auðveldara með að bæta við nýju verkefni eins og Mission 1,5 million?

Lions kveðja góð

Friðrik Hansen Guðmundsson
Umdæmisstjóri 109A



MISSION 1.5

Umdæmisstjóri 109B

Baldur Ingi Karlsson

Umdæmisstjóri 109B



Ágæti lionsfélagi, velkomin til starfa á nýju starfsári. Það er alltaf smá fiðringur í manni þegar nýtt starfsár skriður af stað, allir fullir af þrótti og reiðubúnir að ráðast í þau verkefni sem bíða, það eru skemmtilegir tímar fram undan.

Í umdæmisstjórnin 109B hefur valist úrvalsfólk þetta starfsárið, öflugur hópur sem mun leggja sitt að mörkum til að efla og styrkja starfið í hreyfingunni, það er búið að setja hreyfingunni stór markmið fyrir næstu ár varðandi félagafjölgun og við þurfum á öflugum og breiðum hópi að halda til að ná þeim. Þarna leynast reynsluboltar og einnig

ný andlit með bjarta framtíð innan hreyfingarinnar.

Ég sjálfur hef sett mér ýmis markmið fyrir veturinn þau mun ég og félagar mínir kynna þegar við heimsækjum klúbbana en eitt þeirra er að vera duglegur í samskiptum við lionsfólk og reyna enn að efla upplýsingaflæðið til ykkar t.d. með að senda reglulega fréttapósta.

Til að ná markmiðum ársins þarf ég á hjálp ykkar að halda, ég geri ekkert einn og við þurfum öll að vinna saman, hlusta á skoðanir hvors annars með opnum huga og stundum að bíta í það súra epli að etv. er okkar leið eða hugmynd ekki sú besta eða sú sem verður fyrir valinu og sameinast öll um þá leið sem er valin. Það er gott að fá ráðleggingar og leiðbeiningar frá þeim eldri og reynslumeiri en munum að tímarnir breytast hratt og það þarf að leyfa nýjum röddum að hljóma og sem flestum röddum. Við þurfum að passa okkur að leyfa starfinu að þróast og breytast í takt við nýja tíma og nýtt fólk.

Það er fjöldi verkefna sem bíða og verkefnin eru drifkraftur starfsins, það að leggja samfélaginu lið. Við þurfum að fá alla með og eitt af því sem ég hef horft til er að efla samstarf klúbba innan hvers svæðis um sig, fá fólk til að kynnast og vonandi leiðir það af sér öflugra starf og meiri samvinnu. Stefnt er á að hvert svæði haldi sína svæðahátíð á árinu. Við þurfum að hafa það í huga að það þarf að vera skemmtilegt að vera í Lions og að starfið verði

ekki íþyngjandi og verkefnum dreift á sem flesta.

Ég ætla mér með samvinnu góðra félaga að gera þetta starfsár skemmtilegt og árangursríkt fyrir hreyfinguna, klúbbana og alla lionsfélaga. Starfið í klúbbunum að skríða af stað næstu vikurnar og við í umdæmisstjórn 109B munum nota næstu vikur til að klára að skipuleggja og fínþússa starfið.

Ég vil heyra frá ykkur, hikið ekki við að senda á mig línu eða hringja, ég vill heyra í sem flestum og er mjög móttækilegur fyrir góðum og „slæmum“ hugmyndum og ábendingum

Einkunnarorð mín eru „Velgengni okkar byrjar hjá þér“, við ráðum því sjálf hvort starfið er skemmtilegt og árangurríkt ekki neinn annar.

Lionskveðja

Baldur Ingi Karlsson
Umdæmisstjóri 109B



Lionshreyfingin bregst við „hamförum aldarinnar“ í Tyrklandi

Eftir Andrea Small

„Tyrkland er að ganga í gegnum erfiðustu daga í sögu þess,“ segir Danyal Kubin, fyrrverandi formaður hamfaraneftndar Fjölmundæmis 118, sem stýrir hjálparstarfi Lions í kjölfar jarðskjálftans í febrúar 2023 og eftir skjálfta sem skulu á Tyrklandi og Sírylandi.

Kubin, sem er byggingarverkfræðingur og jarðskjálftasérfræðingur, segir að þessi jarðskjálftaröð sé sú stærsta sem orðið hefur á svæðinu í meira en öld og fannst á meira en 350.000 ferkílómetra svæði. Að auki voru skjálftarnir mjög grunnt og eyðileggingin því enn meiri.

Meira en 50 þúsund létu lífið í hamförunum og fleiri en 120 þúsund slösuðust. Jarðskjálftarnir skildu milljónir manna eftir á flóttu. Heimili hrundu til grunna, hundruð annarra bygginga hrundu.

Þegar hamfarir af þessari stærðargráðu dýnja yfir er Lionshreyfingin meðal þeirra fyrstu til að bregðast við. Alþjóðahjálparstarfið Lions (LCIF) veitir eftirlifendum þessara hrikalegu jarðskjálfta huggun og von.

En hvert var forgangsverkefnið? Að veita fólki öryggi og skjól sem nú hefur engan samastað, ekkert heimili.

Strax eftir að fyrsti jarðskjálftinn reiddi yfir veitti LCIF 200.000 \$ hamfarastyrk til Lions í Tyrklandi. Lions notuðu þetta fé til að þróa Adiyaman Lions gámaþorpið. Gámarnir 60 sem keyptir voru með styrknum eru innréttáðir og búnir eldhúsi og baðherbergi til að útvega tímabundið húsnæði fyrir flóttafólk á meðan það bíður uppbyggingar í sinni heimabyggð.

Lions í Svíþjóð notuðu einnig LCIF jöfnunarstyrk sem veittur var í maí 2022 til að koma upp Antakya Lions tjaldþorpinu. Innan þorpsins eru 320 tjöld til að hýsa tímabundið 1.050 manns, þar af rúmlega 340 börn. Sjálfboðaliðar Lions- og Leoklúbba á staðnum eiga síða reglulega samskipti við börnin og veita þeim tækifæri til náms og félagslegra samskipta.

Að lokum, í gegnum samstarf LCIF við Fjölmundæmi 111 í Þýskalandi, eru safnanir til að takast á við fyrstu hjálp og skammtíma húsnæðisþörf fórnarlamba jarðskjálftanna í Tyrklandi og Sírylandi.



Þetta eru aðeins nokkur af þeim verkefnum sem eru í gangi. Viðbótarstyrkir verða veittir eftir því sem þörfin heldur áfram að vaxa.

„Viðbrögð og stuðningur Lions um allan heim er hvetjandi og sýnir staðfastan mannúðaranda Lions í þessum hörmungum. Lionsfélagar búa og þjóna í þeim samfélögum sem verða fyrir mestum áhrifum og við munum vera til staðar til að styðja fólkið þar eins lengi og það þarfnast okkar,“ segir Douglas X. Alexander, stjórnaformaður LCIF 2022-2023. „LCIF styrkir hjálpa okkur að hafa meiri áhrif fyrir fólk sem hefur misst allt í þessum hörmungum.“

LCIF styrkir eru aðeins mögulegir með stuðningi frá lionsfélögum um allan heim sem taka höndum saman til að styðja við þá sem urðu fyrir áföllum vegna jarðskjálftanna. Vikurnar eftir hamfarirnar hófu margir lionsleiðtogar, klúbbar og umdæmi fjáraflanir til styrktar Hamfarasjóði LCIF. Lions um allan heim halda einnig áfram að gefa einstaklingsbundin framlög til styrktar málefni. Þetta átak mun hjálpa til við að tryggja að Lions geti

veitt hjálp og von á svæðinu eins lengi og þörf er á.

„Við erum að tala um stórslys af stærðargráðu sem ekkert land í heiminum getur búið sig undir eitt og sér,“ segir Kubin. „Þess vegna þurfum við meira á stuðningi alþjóðasamfélagsins að halda en nokkru sinni fyrr. Saman erum við alltaf sterkari.“

Til að læra meira um aðkomu hjálparstarfs Lions International við þessum hörmungum og hvernig Lions eru órjúfanlegur hluti aðstoð vegna jarðskjálfta er hægt að nota hlekinn hér fyrir neðan.

lionsclubs.org/earthquakerelief.

Þýðing: Anna Blöndal



Ómar Jónsson Scheving er nýr formaður Fjöl意思 starfsárið 2023-2024.



Á myndinni að ofan eru nýir stjórnarmenn Fjöl意思 starfsárið 2023-2024: Til vinstri er Jón H. Magnússon, gjaldkeri og t.h. Bjarki Þór Þórisson, ritari

Ný stjórn Fjöl意思 starfsárið 2023-2024 tekin til starfa

Stjórnarskiptafundur var haldinn í Lkl Fjölni þann 24. ágúst s.l. Mættir voru fráfarandi stjórnarmenn, ásamt viðtakandi stjórnarmönnum. Kópavogi þriðjudaginn 26. september, þar sem m.a. verður skipað í Nýja stjórn Fjöl意思 fyrir starfsárið 2023-2024 skipa eftirtaldir félagarstarfsnefndir fyrir nýtt starfsár. Fjöl意思: Ómar Jónsson Scheving er formaður, Jón H. Magnússon er gjaldkeri og Bjarki Þór Þórisson er ritari.

Fjöl意思menn ljúka verkefninu: Endurnýjun rúmdýna í Krýsuvík – með afhendingu sérsaumaðra dýnuhlífa



Fjöl意思menn lögðu lokahönd á verkefni sem fólst í því að endurnýja allar rúmdýnur Meðferðarheimilisins í Krýsuvík. Búið var að afhenda alls 24 dýnur frá RB rúmum og nú voru afhentar 24 sérsaumaðar dýnuhlífar frá RB rúmum. Dýnuhlífarnar eru úr sérstöku vatnsheldu frotteefni sem má þvo og þolir m.a. suðu. Eins og áður nutu Fjöl意思menn liðsinnis Húsasmiðjunnar og Þorbergs Grétars frá Akustursdeild húsasmiðjunnar við flutninginn.

Á myndinni t.v. eru, talið frá vinstri: Þórir Jenssen, Halldór Sævar, Bjarki Þór og Jakob Máni, Fjöl意思menn; Þorbergur Grétar Helgason frá akstursdeild Húsasmiðjunnar og loks Þórhallur M. Einarsson, Fjöl意思maður.

LCIF teymið á Íslandi

Kæru lionsfélagar

Nú leggjum við af stað í nýtt starfsár sem hófst formlega með fjölumdæmis- og umdæmafundi 26.ágúst. Á þeim fundi kynnti Björn Guðmundsson markmið okkar í LCIF (Aþjóða hjálpar sjóðs) teyminu í MD 109. Hann fór einnig yfir árangur síðasta árs, sem við lionsfélagar á Íslandi getum verið stolt af. Samandregið er fjölumdæmið með 103.000 Bandaríkjadollara eða um 51,24 dollara á félag. Markmið LCIF alþjóðlega var 23,98 dollarar á hvern félag. Við náðum því og gott betur eða 150% yfir markmiðunum. Þrír 100% Melvin Jones klúbbar bættust við á síðasta ári, Lkl. Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Dalvíkur. Við óskum þessum klúbbum til hamingju og þökkum framlagið til sjóðsins.

Á síðasta ári tóku 64,6% klúbba þátt og 5,5% féлага gáfu einu sinni eða oftar til sjóðsins. Við höfðum árin á undan verið með nánast 100% þátttöku klúbba og þangað viljum við stefna á þessu ári.

Ein leið til þess er að kaupa styrktarpinna. Ef allir klúbbfélagar kaupa pinna fær klúbburinn borða á klúbbfánann og verður 100% styrktar klúbbur. Pinnarnir kosta 50\$, 100\$ og 200\$. Við LCIF fulltrúarnir verðum með þessa pinna til sölu. Það er komið nýtt útlit á pinnana og því kjörið fyrir þá sem safna að bæta við sig pinnum 😊

Styrkur sjóðsins liggur líka í þátttöku fjöldans og við vildum gjarnan sjá tölu féлага sem gefa til sjóðsins hækka úr 5% í 20%. Einnig brýnum við þá sem eru í embættum fyrir Lionsshreyfinguna að láta ekki sitt eftir liggja og vera hvatning til annara féлага að taka þátt.

Því miður verður mikil þörf fyrir sjóðinn okkar á komandi árum og því hvetjum við klúbba og lionsfélaga til þess að halda áfram að gefa til sjóðsins. Það verða náttúruhamfarir, stríð og annars konar neyð um alla veröld áfram.



Við þurfum ykkar hjálp.

Við viljum gjarnan mæta á svæðisfundi, klúbbfundi og formannafundi. Við lofum að vera ekki leiðinleg.

Ef ykkur vantar upplýsingar hafði samband, við viljum hjálpa og saman getum við fundið út úr flestum þeim spurningum og verkefnum sem á ykkur brenna.

Það er kominn tími á alvöru LCIF verkefni á Íslandi - eitthvað stórt sem tekið væri eftir. Ef klúbbur, svæði eða umdæmi hafa góða hugmynd, hjálpumst að, fáum styrk frá sjóðnum hingað heim.

Góðir félagar þið eruð hryggjarstykkið í þátttöku okkar í starfi LCIF.

Björn, Geirþrúður og Anna.



Minning + Björn Sigurðsson – f. 6. júlí 1935 d.11. maí 2023



Hann Björn okkar Sigurðsson í Úthlíð í Biskupstungum hefur lokið jarðvistinni. Einn af allra öflugustu liðsmönnum Lionsklúbbsins Geysis frá stofnun 1984 er þar með kvaddur. Hann eyddi nánast allri sinni ævi í Úthlíð. Fram eftir ævinni stundaði hann hefðbundinn búskap með kýr og sauðfé. Björn sneri sér að ferðaþjónustu þegar hann var kominn að miðjum aldri. Á því sviði byggði hann upp af miklum myndarskap. Eigin-

kona Björns var Ágústa Ólafsdóttir, hún lést árið 2004. Í minningu hennar reisti Björn kirkju á jörð sinni. Þau hjón eignuðust fjögur farsæl börn sem öll lifa foreldra sína og hafa þau öll eignast afkomendur.

Björn var litríkur maður og lét mikið að sér kveða í klúbbnum sem og hvar sem hann var. Hann var maður mikilla athafna, manna fróðastur um menn og málefni. Ræðumaður og söngmaður mikill. Höfðingi heim að sækja, ófá voru skiptin sem klúbburinn fékk að halda

fundu í veitingasalnum hans Réttinni, þá var veitt ríkulega. Björn mætti vel á fundu og í verkefni á vegum klúbbsins meðan heilsa entist. Hann var formaður klúbbsins nokkrum sinnum og kom ævinlega með innlegg á fundu og lagði margt gott til málanna. Í hjarta sínu var hann mikill Lionsmaður sem mátti ekkert aumt sjá. Svo mjög hefur munað um Björn að saga klúbbsins væri mun rýrari ef hann hefði ekki komið við sögu klúbbsins. Síðustu misseri hallaði undan fæti hjá okkar manni. Í mars síðastliðnum buðu þau feðginin, Björn og Dís af höfðingsskap klúbbnum að halda fundu í Úthlíð. Það hitti á góðan dag og var hann glaður í bragði og hélt þrumandi ræðu í kirkjunni og þáðum við veitingar í Réttinni. Sú stund er dýrmæt okkur klúbbfélögum. Björn var sæmdur árið 2008 Melvin Jones, fyrir framúrskarandi störf í þágu klúbbsins.

Ég leyfi mér fyrir hönd okkar klúbbfélaganna í lionsklúbbnum Geysis að þakka Birni fyrir allt hans innlegg í þágu klúbbsins og velvældu um leið og hans fjölskyldu er færðar samúdarkveðjur.

Kristófer Tómasson

Blásið í herlúðra

Jón Pálmason

félagastjóri GMT



Lionsstarf í klúbbi með góðum félögum er ljög gefandi og innihaldsríkt fyrir þroska þeirra sem þar starfa. Þar sem ræktaður er félagsskapur og fólk lærir að vinna félagsstörf og um leið er unnið að verkefnum sem bæta samfélag okkar. Við þurfum að gefa fleirum tækifæri á að taka þátt í þessu starfi. Nú hefur alþjóðaforseti vor, ásamt varaforsetum, blásið í herlúðra og sett sér markmið að Lionsfélögum skuli fjölga um rúmlega 100.000 eða í 1,5 milljón félaga á næstu fjórum árum. En nú telju við tæplega 1,4 milljón félaga. Þetta átak kallast:



Markmið fyrir Ísland

Til þetta geti náðst þarf að bæta við einum klúbbi á ári í hvoru umdæmi og hver klúbbur þarf að bæta við sig einum félaga á ári umfram þá sem hætta.

Greiningarvinna

Þegar hefur verið hafist handa á Íslandi, við að greina hvernig best er að vinna að þessu máli, farið hefur verið yfir ástand klúbbanna með nokkrum fyrrum umdæmisstjórum sem yfirleitt þekja best til, einnig hefur verið haft samband við nokkra klúbba til að fá nýjustu fréttir. Enn fremur hefur verið skoðað hvar hægt sé að bæta við klúbbum og það verður haldið áfram á þeirri braut. Þessi vinna fór af stað nú í sumar.

Niðurstöðurnar koma ekki á óvart. Klúbbarnir eru sumir frábærir, en talsvert margir hafa eiginlega ekki náð sér eftir Covid tímenn. Segja má að stundum þurfi ekki mikið

til að aðstoða klúbbana til að færa þá upp í frábæra hópinn. Dæmi um aðgerðir fyrir viðkomandi klúbb er að:

1. Aðstoða við að halda kynningarfundir til að afla félaga í nær samfélaginu. Hluti af því fest í að klúbburinn geri áætlun um hvernig félaga þeir vilja sjá koma í klúbbinn. Síðan komi hver félagi með einn eða fleiri á kynningarfundinn.
2. Eins er oft hægt að bæta klúbb með því að félagar í klúbbnum og þá helst forystan taki þátt í námskeiðum sem Lions á Íslandi býður upp á.
3. Stundum eru klúbbarnir ekki með rétt verkefni, fyrir hópinn sem er í klúbbnum. Þá er hægt að leita ráðgjafar með það, til dæmis með því að gera mat á þörf nær samfélagsins til aðstoðar.

Hluti af ofangreindri skoðun var að vinna landssvæði þar sem „vantar Lionsklúbb“. Dæmi um slík svæði er Höfuðborgarsvæðið, stór svæði á Austurlandi, Borgarfjörður, gamla Austur-Húnavatnssýslan og ef til vill Norður-Pingeyjarsýsla Austan við Jökulsá á fjöllum. Á mörgum fjölmennum stöðum eru einnig mjög veikir klúbbar.

Aðgerðaáætlun

Næsta skref er að gera slagplan fyrir veturinn, en þeirri vinnu verður lokið á næstu vikum eða fyrir miðjan september þegar starfið í flestum klúbbum hefst.

Eftir farandi er þó komið á hreint:

1. Haldnir verða kynningarfundir í hverjum mánuði í Lionsheimilinu í Reykjavík. Leitast verður við að hafa almenna fræðandi dagskrá, um leið verður Lions kynnt. Fyrsti fundur verður 27. september klukkan 17:00.
2. Þátttakendur í félagahópnum fara minnst

á einn svæðisfund á hverju svæði þar sem ræddar verða aðgerðir fyrir klúbbana á svæðinu, kynntir verða mögulegir kynningarfundir, aðstoð við verkefni og auglýst kynning á námskeiðum sem í boði eru. Á þessum svæðisfundum verður óskað eftir að formenn félaganefnda klúbbanna mæti. Þegar eru nokkrir klúbbar komnir með áætlun um aðgerðir

3. Ákveðið er að hefja vinnu við að stofna klúbb á Höfuðborgarsvæðinu, með yngra fólki. Félagastjórinn í umdæmi A hefur lagt fram áætlun um þetta. Þegar þetta er skrifað er verið að skoða hvaða möguleikar eru á stofnun klúbba í umdæmi B. Þar virðast víða leynast tækifæri eins og áður segir. Horfa verður út fyrir rammann og velja hópa sem ekki hafa verið með áður. Grunnurinn að öllu er að hægt sé að finna skemmtileg og verðug verkefni fyrir nýjan hóp.

Í viðbót við þetta er gert ráð fyrir að hafa kynningarfundir úti á landi þar sem tækifæri gefst. Sömuleiðis er áformað að gert verði átak á Austurlandi, en á Covid tímenn varð Austurland nokkuð útundan.

Áfram með verkefni

Nú þarf að bretta upp ermar og takast á við verkefnið með hægum stíganda. Græddur er hver nýr félagi og það þarf að hlúa að honum, þannig að hann finni sig í starfinu, vaxi og eflist. Til þess þurfa klúbbarnir að vera skemmtilegir. Aðal markmið hvers formanns ætti að vera að félagarnir fari brosandir af fundi, þá koma þeir aftur og aftur og aftur með nýja félaga sem hafa heyrt að það sé skemmtilegt í Lions.





Alþjóðastjórn Lions? Hvað er nú það?

Lionsklúbbar á Íslandi

Jóhanna Thorsteinson

GST 109A



Áð ganga í Lionsklúbb getur verið bæði skemmtilegt, fræðandi og gefandi. Sérstaklega ef maður er tilbúinn að gefa tíma sinn í uppbyggileg verkefni fyrir samfélagið sitt. Margir klúbbar eru með föst verkefni, fasta dagskrá og allir gladdir. Eða hvað? Hvernig skyldi nú ganga að taka á móti nýjum félaga í gamla klúbbinn?

Það er alkunna innan félagsvísindanna að það er alls ekki sjálfsgæður hlutur að þéttur vindahópur sé tilbúinn að opna á nýja félaga, finna nýja vini. Nýliði í svo þéttum hópi hlýtur að upplifa sig aðskotadýr ef ekkert er gert til að fagna honum og leitast við að finna honum stað í vindahópnum. Nýliðinn í hópnum fær

væntanlega nauðsynlega fræðslu um tilgang og siðareglur Lions. En munum við eftir að leggja inn fræðslu um uppbygginguna? Þekking félagar skipurit Lions? Hver stjórnar hverjum?

Á meðal kvenna er algengt að vinkonur taka frá sæti fyrir hverja aðra. Veskið er sett í stólinn við hliðina svo tryggt sé að enginn óviðkomandi setjist þar. Svo er það stundum að „ég á þetta sæti“. Ég sit alltaf á sama stað og sömu aðilar raða sér á borð samkvæmt því. Þegjandi samkomulag um að breyta alls engu. Og, ef nýliðinn upplifir slíkar móttökur er hann strax utanveltu, upplifir sig ekki velkominn. Hann mætir sennilega ekki aftur á næsta fund.

Lions á Íslandi

En þegar kemur að því að stjórnin í klúbbnum fer að tala um innri mál Lionshreyfingarinnar þá gengur það ekki. „Okkur kemur þetta ekkert við!“ segir einn. Annar segir: „Við viljum bara fá að vera í friði fyrir þessum umdæmisstjórnnum!“ Einstaka klúbbar lætur ekki vita þegar von er á umdæmisstjóra í heimsókn. Ef það spyrst út, þá leggjast menn í svokallaða umdæmisstjóraveiki og sitja heima. Kemur almennum klúbbfélaga þessi alþjóðastjórn nokkuð við? Er það ekki bara eitthvað batterí fyrir ríkar silkihúfur að klifra metorðastigann í útlandinu?

Mission 1,5 milljón

Alþjóðastjórnin hefur sett fram sóknaráætlun um fjölgun á heimsvísu. Mission 1,5 milljón. Okkur á Íslandi er mikill vandi á höndum. Við þurfum að setja fram a) framtíðarsýn, b)

aðgerðaáætlun og síðast en ekki síst c) framkvæmdaáætlun. Við þurfum að virkja alla svæðisstjóra í landinu, hvern einasta. Við þurfum að blása lífi í deyjandi klúbba, eða tryggja nýja klúbba í þeirra stað. Það er engin ein lausn til á þessum vanda. Hann er fjölbættari en svo. Nú hefur fjölmundemisstjórnin samþykkt að fá til liðs við sig þekktu auglýsingastofu til að leggja lið við að kynna Lions út á við, auka þekkingu fólks á verkefnum Lions og fyrir hvað Lions stendur. Við þurfum að efla tengsl okkar við fólk í landinu. Kynna því þau fjölmörgu verkefni sem Lions hefur lagt gjörva hönd á. Við þurfum fólk sem kann á alla samfélagsmiðlana, fólks með sérmenntun í félagslegi hegðun almennings, sem rannsakar hegðun annarra, skoðar hvað er vinsælt og líklegt til árangurs. Hvaða söluerferð hentar vörunni hverju sinni. Þetta eru dýrir einstaklingar, það kostar að kaupa af þeim þjónustu. En betra er seint en aldrei! Lions þarf að vera áfram til á Íslandi.

Ímynd Lions á Íslandi

Hver er hún? Hvernig kynnum við okkur út á við? Og, á slík vinna að vera á höndum fólks í sjálfboðavinnu? Líti nú hver í eigin barm.



Rauð fjöður 2025

Kæru félagar Eins og kunnugt er efnir Lions á Íslandi til landssöfnunar undir merkjum Rauðu fjaðrarinnar, ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti, síðast árið 2022 og næsta söfnun verður því vorið 2025.

Miklu máli skiptir að vanda vel til undirbúnings og að verðugt verkefni sé valið. Á Lionsþinginu 2018 var samþykkt að söfnunarfénu yrði alltaf varið í málefni sem féllu undir kjarnaverkefni Lionshreyfingarinnar.

Við leitum til ykkar, kæru félagar, og óskum eftir hugmyndum



um verkefni fyrir Rauðu fjaðrar söluna vorið 2025. Formenn klúbba munu taka á móti tillögum sem berast frá félögum í þeirra klúbba og skila til svæðisstjóra, eigi síðar en 13. október n.k.

Með von um góðar undirtektir,

Geirþrúður Fanney Bogadóttir, vara fjölmundemisstjóri
Inga Lóa Steinarsdóttir, vara undæmisstjóri 109 A
Sumarliði Ásgeirsson, vara undæmisstjóri 109 B



Mission 1,5: Hvað – Hvenær – Hvernig?

Guðrún Björt Yngvadóttir

Fyrirverandi Alþjóðaforseti Lions



Fleiri Lionsfélagar

Mission 1.5 er áttak til að fjölga Lions upp í 1,5 milljón félaga um allan heim fyrir 2027, svo við getum betur mætt vaxandi þörfum samfélaga okkar og lagt lið fleira fólki en nokkru sinni fyrr.



Sjálfstætt áttak

Mission 1,5 er sjálfstætt áttak til fjögurra ára, með framkvæmdastjórn og stuttar boðleiðir frá efstu stjórnun, með GAT-leiðtogum um öll stjórnunarstig niður til umdæma og klúbba. Þetta er nýtt áttaksverkefni og til viðbótar hinu hefðbundna lionsstarfi og lýtur öðrum reglum og fylgir öðrum vinnuaðferðum. Samvinna á öllum stigum er forsenda áttangurs.



Miklir kostir

Að fjölga félögum og stækka klúbbana okkar, umdæmið og hreyfinguna alla, hefur svo marga kosti í för með sér fyrir Lions. Við getum lagt fleirum lið, bæði í nær samfélaginu og á heimsvísu. Við sköpum tækifæri fyrir enn meiri fjölbreytileika í klúbbum okkar. Við bætum

kynninguna og styrkjum ímyndina. Við öðlumst nýja færni, fáum víðara sjónarhorn og reynslu sem hjálpar okkur að vaxa sem félagar og leiðtogar. Við verðum sterkari á öllum sviðum Lions, bæði í dag og í framtíðinni. Og síðast en ekki síst, aukinn fjöldi félaga mun hjálpa til við að tryggja að við séum alltaf til staðar og tilbúin til að leggja lið þegar þörf krefur.

Lionsfélagar á Íslandi sem hafa áhuga á að njóta góðs af þessu áttaki og þiggja aðstoð við að fjölga í klúbbnum eða stofna nýja klúbba, eru hvattir til að hafa samband við Jón Pálmason félagastjóra MD109, eða senda skilaboð til hans á netfang lionsskrifstofunnar: lions@lions.is



Betri áttangur

Lions hefur reglulega farið í áttak í félagamálum, sem hafa aldrei skilað almennilegum áttangri, nema til skemmri tíma. Við undirbúning Mission 1,5 var skoðað hvers vegna fjáröflunarátök LCIF hafa verið svona áttangursrík, náð öllum markmiðum og farið töluvert fram úr þeim. Hvað gátum við lært að þeirri reynslu?



Stuttar boðleiðir

Það sem sker sig úr við fjáröflunarátök LCIF, er að þau hafa haft einfalt og skilvirkt skipurit og stuttar boðleiðir, með sjálfstæðan leiðtogastrúktúr við hliðina á hinu hefðbundna LCI-skipuriti, sem nær frá alþjóðastjórn og alþjóðaforseta, til umdæmisstjóra, svæða og klúbba. Mission 1,5 tekur mið af Campaign 100 varðandi skipulag, framkvæmd og stjórnun.

Frank Moore stjórnar Mission 1,5

Framkvæmdastjórn Mission 1,5 er skipuð öllum „Executive Officers“ (forseta, fráfarandi forseta og varaforsetunum þremur). Alþjóða-

forseti er stjórnarformaður, en Frank Moore fyrirverandi alþjóðaforseti gegnir hlutverki framkvæmdastjóra Mission 1,5 en hann var varaformaður Campaign 100 og er öllum hnúttum kunnugur.



Frank Moore.



A.P. Singh.

A.P. Singh sér um Evrópu

Varaforsetarnir skipta með sér að sinna heimshlutunum (CA), og hafa yfirumsjón með störfum GAT-teymanna í fjölmudæmi og umdæmum. Varaforsetar vinna með nefndum alþjóðastjórnar og starfsfólki í Höfuðstöðvunum við úttærslu á áttakinu. A.P. Singh annar varaforseti Lions sinnir Evrópu, en hann kemur á Evrópu Forum í Austurríki í október og á NSR í Noregi í janúar. Hann verður í reglulegu sambandi við GAT-leiðtoga, umdæmisstjóra og aðra leiðtoga í Evrópu til að hvetja og fræða og spyrja spurninga, til að tryggja áttangur.

Alþjóðastjórnarmenn vinna að stefnumótun og innleiðingu á Mission 1,5 með GAT-leiðtogum og öðrum leiðtogum á sínu svæði (CA), svo og í sínu fjölmudæmi og umdæmi. Þeir vinna í nefndum alþjóðastjórnar að þróun Mission 1,5, hver á sínu sviði, í samvinnu við starfsfólks á viðkomandi deild í Höfuðstöðvanna og í þverfaglegum hópum.



Elena Appiani.



Sanna Mustonen

GAT-leiðtogarnir

Alþjóðastjórn samþykkti tillögur alþjóðaforseta um GAT-CA-leiðtoga í öllum heimshlutum (CA), og GAT-CA-Area-leiðtoga, eins og lög Lions gera ráð fyrir. Okkar GAT-leiðtogar eru:

GAT-CA4 yfir Evrópu er PID Elena Appiani frá Ítalíu. Á okkar svæði GAT-CA-4-Area-A er PCC Sanna Mustonen frá Finnlandi, en hún sér um Finnland, Ísland og Eystrasaltslöndin Eistland, Lettland og Litáen.

Allt GAT-teymið frá framkvæmdastjórn og CA-leiðtogum, til fjölumðemis, umdæma og klúbba er virkjað með nýjum starfslýsingum, markmiðum og tímaramma. Allir GAT-leiðtogar fylgja fyrirmælum frá næsta GAT-leiðtoga fyrir ofan, og flytja skilaboðin til næsta GAT-leiðtoga fyrir neðan. Gott samstarf við alla embættismenn fjölumðemis og umdæma er mikilvæg forsenda til að ná árangri.

Samvinna

Mission 1,5 er samstarf okkar allra, hver og einn félagi, klúbbur og leiðtogi þarf að leggja sitt af mörkum, Samstarfið mun þjappa okkur saman og auka styrk hreyfingarinnar. Mission 1,5 mun fjölga félögum með aukinni kynningu, sterkari leiðtogum og fjölbreyttari verkefnum. GAT-teymið bindur þetta saman.

Öll alþjóðastjórnin vinnur að Mission 1,5 með mismunandi aðkomu; einkum eftirtaldir nefndir alþjóðastjórnar: Félaganefnd (Membership), Leiðtoganefnd (Leadership) og Verkefnanefnd (Service).

Ég er í Félaganefnd Alþjóðastjórnar (Membership Committee) 2023-2024 og nýt þeirra forréttinda að taka þátt í mótum og fylgjast með þróun þessa krefjandi verkefnis. GAT heyrir undir Membership-nefndina og starfsfólk Membership-deildarinnar vinnur með okkur, skrifar leiðbeiningar og upplýsingar, býr til glærur og annað sem til þarf fyrir Mission 1,5. Framundan eru nýir og breyttir tímar með ný og spennandi tækifærum.

Lionsfélagar á Íslandi

Endilega kynnið ykkur málið og hafið samband

við Jón Pálmason félagastjóra MD109, eða sendið skilaboð til hans á netfang lions-skrifstofunnar lions@lions.is

Sjá einnig grein hans um félagamál í þessu Lionsblaði. Jón getur aðstoðað eða bent á fólk í umdæmi eða svæði, sem getur kynnt ykkur fyrir góðum leiðum til að styrkja klúbbinn eða stofna nýja klúbba.

*Guðrún Björt Yngvadóttir
PIP, fyrrverandi alþjóðaforsæti,
í Félaganefnd Alþjóðastjórnar 2023-2024*



Lífrænn úrgangur er verðmæti Heimilishænur gegn matarsóun

Jóhanna Thorsteinson

umhverfisstjóri



Það verður sífellt vinsælla að fjölskyldur haldi hænur í bakgarðinum hjá sér. Að hafa hanann með er ekki alveg eins vinsælt, honum fylgir hanagal, sem fylgir ekki endilega vekjaraklukkan nágrannanna. En vissulega er búbót fyrir stórar fjölskyldur að halda hænsni. Í gamla daga, gengu hænurnar lausar, kroppuðu orma og lirfur úr túnunum. Þá tíðkaðist að henda ýmsum matarleifum í hænurnar. Það sem hundurinn ekki fékk, fór í hæsnakofann. Svo var gjarnan skvett í þær korni/maís; svona með. Hugtakið matarsóun var ekki til. Verðmæti í lífrænum úrgangi! Á Ástralíu eru menn að rækta flugnalirfur til að ala heimilishænsnin á. Þetta

eru lirfur „svörtu hermannaflugunnar“ (e: black soldiers flies, *L. hermetia illucens*). Lirfurnar eru aldar í lífrænum úrgangi og eru mjög næringarríkar. Þær eru ríkar af próteini, amínósýrum og nauðsynlegum fitusýrum, sem stuðla að heilbrigði og lífsþrótti fuglanna. Þar að auki innihalda lirfurnar kalsíum, sem er mikilvægt fyrir eggjaskumina og styrkir auk þess æxlunarheilbrigði hænanna. Með því að bjóða hænsnum upp á fjölbreytt fæði sem inniheldur lifandi lirfur er tryggt að hænsnin fái nauðsynleg næringar efni fyrir hámarksvöxt, gæði fjaðranna og ónæmisvirkni. Til að treysta á varp árið um kring þarf að hafa svolítinn yl á kofanum og ljóstýra í skammdeginu hjálpar líka til. (Byggt að hluta til á grein af vefnum <https://earth.org>) Maratleifar eru oft vandamál. Við þekkjum öll gömlu frasana: „Blessuð fáið ykkur meira! Það er meira til frammi“. Og svo hentum við afgangunum í ruslið.

Moltugerð heima

Moltugerð er ekkert nýtt fyrirbæri. Bóndadóttir fædd í lok 19. aldar ræktaði upp nytjagarð við Rauðavatn í Reykjavík. Hún tók við örfoka mel og sáði lúpínufraejum. Á tíu árum breytti hún melnum í gróðurreit. Hún hlúði að reitnum sínum af alúð, safnaði regnvatn í tvær tunnur sem stóðu undir þakrennunni á kofanum hennar. Einn reitur fyrir kartöflurnar, annar fyrir grænkálið og gulræturnar og annað góðmeti sem afkomendur hennar nutu góðs af. Þessi kona

hafði þann háttinn á að setja sölnaðan gróður, lauf, slegið gras, kartöflugrös og annan lífrænan úrgang af svæðinu í holu í garðinum sínum. Hún skelli skarna sem systir hennar hafði aðgang að saman við og gætti þess að ekki hitnaði um of í haugnum. Svo hafði hún aðra holu til að moka úr þeirri fyrri í þá síðari. Þannig bjó hún til frjósama gróðurmold sem skilaði til hennar kartöflugarði og öðrum skika fyrir annað rötargrænmeti. Allt sem til þurfti var lúpína, vatn, árvekni og alúð. Á þeim 50 árum sem gamla konan sinnti garðinum sínum við Rauðavatn kom hún líka upp sólberja- og rífsberjarunnum, gerði tilraunir með margs konar grænmeti. Og rabarbarinn hennar var ekki þessi venjulegi, grófi. Nei, sú gamla ræktaði vínrabarbara og sultaði og saftaði á hverju hausti á meðan heilsan entist henni. Í dag er á þessum fyrrverandi örfoka mel þéttvaxin skógur með greni, lerki, reynivið og fjölmörgum öðrum tegundum. Raunar er orðið illfært um svæðið vegna þéttleika fjölbreytts gróðursins, því enginn afkomendanna gaf sér tíma til að halda verkefninu áfram. Nú til dags er ekki óalgengt að sjá moltugerðartunnur í heimilisgróðum. Mörg fyrirtæki bjóða upp á hentug ílát til moltugerðar, sum henta jafnvel til moltugerðar innan dyra! Lífrænn úrgangur er orðinn að verðmæti.



Alþjóðlegi sykursýkisdagurinn er 14. nóvember

Nóvember er mánuður sykursýkisvarna hjá Lions.

Alþjóðlegi sykursýkisdagurinn

14. nóvember



Lions International



Lions hefur um áratuga skeið unnið að verkefnum tengdum sykursýki, með fræðslu, forvörnum og rannsóknum. Nóvember er mánuður Sykursýkisvarnar hjá Lions, en þá bjóða lionsklúbbar víðs vegar um landið upp á fría blóðsykursmælingu í samvinnu við heilbrigðisstarfsfólk.

Verkefnafulltrúar umdæmanna senda nánari upplýsingar.

Hér er dæmi um auglýsingu, sem klúbbar geta notað:

Blóðsykursmælingar Lions

Lionsklúbbar bíður upp á ókeypis blóðsykursmælingar

Tími: _____

Staður: _____

Fólk er hvatt til að nýta sér þetta tækifæri og mæla blóðsykurinn, en margir ganga með dulda sykursýki, sem er hættulegur sjúkdómur.

Mælingin tekur aðeins hálfra mínútu og fær fólk niðurstöðurnar strax. Þeir sem mælast með hátt gildi blóðsykurs eru sendir áfram til heilsugæslunnar til frekari athugunar.

Allir fá bækling með upplýsingum um sykursýki og eru hvattir til að kynna sér efnið vel og að vera á verði gegn þessum vágesti.



Gengur þú með dulda sykursýki?

Sykursýki er vaxandi vandi í heiminum. Talið er að hundruð manna á Íslandi gangi með sykursýki án þess að vita af því. Þetta er falinn vandi og kemur mörgum á óvart sem mælst hafa með of mikinn blóðsykur.

Lions hefur um áratuga skeið unnið að verkefnum tengdum sykursýki, með fræðslu, forvörnum og rannsóknum. Nóvember er mánuður Sykursýkisvarnar hjá Lions, en þá bjóða Lionsklúbbar víðs vegar um landið upp á fría blóðsykursmælingu í samvinnu við heilbrigðisstarfsfólk.

Alþjóðdagur sykursjúkra er 14. nóvember.



Blóðsykursmælingar Lions

Lionsklúbbar

bíður upp á ókeypis blóðsykursmælingar

Tími: _____

Staður: _____

Fólk er hvatt til að nýta sér þetta tækifæri og mæla blóðsykurinn, en margir ganga með dulda sykursýki, sem er hættulegur sjúkdómur. Mælingin tekur aðeins hálfra mínútu og fær fólk niðurstöðurnar strax. Þeir sem mælast með hátt gildi blóðsykurs eru sendir áfram til heilsugæslunnar til frekari athugunar. Allir fá bækling með upplýsingum um sykursýki og eru hvattir til að kynna sér efnið vel og að vera á verði gegn þessum vágesti.

Gengur þú með dulda sykursýki?

Sykursýki er vaxandi vandi í heiminum. Talið er að hundruð manna á Íslandi gangi með sykursýki án þess að vita af því. Þetta er falinn vandi og kemur mörgum á óvart sem mælst hafa með of mikinn blóðsykur.

Upplýsingabæklingur er fáanlegur á lionsskrifstofunni:

Hvað er sykurtali?


Yfirlið er um að mæla samþrátt af náttúrulegum, okvæmlegar eða lítilar æðneytlu og stöðun málfréttilegrar ásefju. Ásefjuþeyta getur einnig verið meðværandi en ástæða deyrir einnig blóðsykurs og minnkar hættaka lífrævar til að bregðast við blóðsykurli.

Einikoni sykurtals geta verið bregðing eflir einstökum og viðkomandi getur mist með-tund. Hættu umstærna og þau sem koma við fyrst eru hungurtrifling, traukur þrá, kífuráttur, sjálfi, kífuráttur, þrátt, káláttur svil og.

Hvergið á að bregðast við sykurtali?

Meðferð blóðsykursliðs líst í að geta kóræts (sykur) og er í-trátt. Fyrst er gefið hættu kóræti í.e. eitt glas af sætum djúu, sætum gesteyki, sýkjungtas, nokkru sykurnar eða seimó. Síðan þarf að gefa langtekið kóræti í.e. bráttseimó, banana eða aanað. Einikoni hveita yfirlið á 5-15 mínútu en hafa skil eflir með viðkomandi þar í einikoni hvort átt og líst er að eflir sé hveita á endurléttungu.

Þessi bæklingur er gefinn út með stuðningi:



Klúbbar eru beðnir að skrá niðurstöður mælinganna og geta fengið eyðublað sent í tölvupósti

Vinsamlegast skráið:

- Kyn og aldur
- Blóðsykursgildi
- Athugasemdir (ef einhverjar eru)


Blóðsykursmælingar 2023			
Lionsklúbbar:			
Tími:			
Staður:			
Kona, aldur	Kar, aldur	Blóðsykursgildi	Athugasemdir


Klúbbar eru beðnir um að senda blöðin, eða niðurstöður til Jóns Bjarna Þorsteinssonar Heilbrigðisstjóra MD109: bjarni@hraunfolk.net eða GST – Verkefnafulltrúa fjölumdæmis og umdæmanna: MD109 Bragi Ragnarsson: b.ragnars@gmail.com 109A Jóhanna Thorsteinsson: johanna@virgin.is 109B Anna Kristín Gunnlaugsdóttir: annakristingunnlaugs@gmail.com

Jón Bjarni Þorsteinsson Heilbrigðisstjóri MD109

September – myndasíða

- Bryndís Ragnarsdóttir
- Guðmundur Jónsson Lionsklúbbnum Bjarma





Lionsklúbbur Hveragerðis



Lionsklúbbur Hveragerðis veitti Sigurði Sigurdórssyni Kjarans-
Lorðuna á níráðisafmæli hans. Á myndunum eru þeir frá vinstri
Birgir S. Birgisson, Hrafn Hafsteinn Sigurðsson, Sigurður Sigurdórsson
og Kristinn G. Kristjánsson.

Vilmundur Kristjánsson



Minning + Kristinn Hannesson



Félagar Kidda í Lionsklúbbi Mosfellsbæjar kvöddu einstakan mannvin og féлага í júní síðastliðnum. Kiddi var kraftmikinn einstaklingur, fylginn sér og afskaplega gjafmildur á tíma sinn og fjármuni í þágu Lionshreyfingarinnar. Það var okkur því þungbært að kveðja Kidda okkar.

Viðbrögð klúbbfélaga létu ekki á sér standa þegar ljóst var að veikindi hans hefðu þróast með óhagfelldum hætti. Skipti engu hvort kynni þeirra

voru talin í áratugum eða mánuðum. Einn félagi minntist þess að þegar Kiddi gekk ungur í klúbbinn hafi hann sýnt frá fyrsta degi áhuga og framtaksemi. Að hans mati var Kiddi sá maður sem hann hefði séð þroskast mest í svona félagsstarfi. Annar nefndi að Kiddi, okkar sterkasti lionsfélagi, hefði sett sterkan svip á allt starf sem hann kom nálægt, var einstaklega hjálplegur og kenndi félögum sínum að verða betri félagar. Einn af yngri félögum klúbbsins nefndi jafnframt að stutt kynni hans af Kidda hefðu gefið honum mikið. Hann væri efins um að hann hafi kynnst meira gæðablóði um ævina. Þessi orð sína hinu miklu manngæsku sem hann hafði að geyma.

Kynni okkar feðga af Kidda spanna fjóra áratugi þegar Kiddi gekk í klúbbinn sem ungur maður. Fyrr en varði tókst á sterk vinátta Kidda, Dagnýjar og afkomenda með fjölskyldu okkar. Það var okkur fjölskyldunni því kærkomið að leiðrétta saklausan misskilning yngstu kynslóðar fjölskyldunnar að Kiddi væri í raun ekki frændi þeirra. Í kjölfarið tókum við hins vegar upp á því að ávarpa Kidda

sem frænda okkar, enda voru skilin í tilfelli Kidda óljós milli frændsemi og vináttu.

Tilhugsunin um vináttu okkar við Kidda 'frænda' er því afskaplega kær. Hann reyndist kröftugur hornsteinn í lífi klúbbsins. Ekki fór heldur lítið fyrir atorku Kidda á landsvísi né á alþjóðavettvangi lionshreyfingarinnar. Eitt af embættum Kidda á líflegum ferli hans var ungmennaskiptastjóri. Í embættið var hann skipaður af öðrum okkar. Hinum okkar gaf Kiddi kost á, ásamt fjölda ungmenna á 15 ára tímabili, að ferðast út í heim, kynna framandi menningu og auka skilning ólíkra menningarheima. Síðar sinnti hann embætti umdæmisstjóra, fjöllumdæmisstjóra ásamt fjölda verkefna í forystu Lions á Íslandi, á Norðurlöndunum og fyrir Alþjóðastjórn hreyfingarinnar.

Það er því ekki að undra að klúbburinn samþykkti einróma að stofna sérstakan styrktar sjóð sem ber nafn hans því okkur þótti mikilvægt að arfleifð hans í sögu klúbbsins yrði römmuð inn um ókonna tíð, okkur til hvatningar.

Í fyrsta þætti Hávamála er rætt um gæðspeki. Þar er lesandinn minntur á að þrátt fyrir að við munum öll hverfa á braut þá mun góður orðstír þess er góðan getur aldrei deyjá. Það á svo sannanlega við um Kidda okkar.

Við þökkum vini okkar Kidda fyrir góð kynni og farsælt samstarf og einstaka vináttu við fjölskyldu okkar. Hans verður sárt saknað. Minningin um mikinn mannvin mun lifa.

Jón Bjarni Þorsteinsson og Þorsteinn Yngvi Bjarnason
Félagar í Lionsklúbbi Mosfellsbæjar

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar




Stjórn klúbbsins: Magnús B. ritari, Magnús J. formaður og Friðgeir gjaldkeri.

Á haustin styttist dagur mjög hratt og í kjölfarið fer að kólna og gróður að sölna. Litadýrð náttúrunnar verður hvað tilkomumest, fólk fer að taka upp kartöflur og klúbbfélagar að undirbúa vetrarstarfið. Við félagarnir verðum með fyrsta fund okkar 14. september, með því er vetrarstarfið hafið, ný stjórn hefur undirbúið starfið eftir bestu getu, sem við vonum að verði klúbbfélögum til ánægju. Klúbbfélagar eru nú þrjátíu talsins. Í júní afhentum við útihúsgögn til þjónustuheimilis fyrir fatlaða á Amarhrauni 50 sem samanstóð af stóru matarborði, stólum og hornsóffa. Fyrir í sama mánuði fóru klúbbfélagar ásamt eiginkonum og fjórum afabörnum í skemmtilega ferð um Borgarfjörð. Í ferðinni tók á móti okkur einn félagi okkar og hans kona, sæmdarhjónin Ívar Þórarinsson og María Jónsdóttir, sem eiga skemmtilegan sumarbústað í Hvítársíðu, þar var tekið vel á móti gestum með snýttum og ástarpungum. Barnafossar voru skoðaðir, Reykholt og fleiri áhugaverðir staðir. Ferðinni lauk á Hótel Glym með flottum kvöldverði. Í júlíbyrjun var farið í gróðursetningarferð í land okkar við Kaldársel, að aflokinni klippingu, slætti og tiltekt, buðum við fjölskyldum okkar uppá hamborgara, pylsur, gos og salgæti. Við notuðum tækifærið í góða veðrinu og höfðum stjórnarskipti og heiðruðum nokkra félaga okkar fyrir vel unnin störf. Hápunktur þessa stundar var er við kynntum „Gaflara árs 2023“ sem að þessu sinni er hinn landskunnir íslenski grínisti, leikari, söngvari, raddleikari og skemmtikraftur, Þórhallur Sigurðsson „Laddi“ sem ber þennan titil til næsta árs, ásamt að hafa styttuna „Gaflarinn“ hjá sér. Laddi er fæddur í Hafnarfirði og er því ekta



Magnús formaður afhendir Þórhalli Sigurðssyni Gaflarastittuna

Gaflari og vel að þessari nafnbót okkar kominn. Í lok júnímánaðar afhentum við Björgunarsveit Hafnarfjarðar veglegan styrk sem verður notaðar til þjálfunar á leitarhundum þeirra. Urta sem er elsti leitarhundur sveitarinnar, er orðin gigtveik og gömul, og því í undirbúningi að fá hvolf í hennar stað frá Ungverjalandi. Við styrktum Rynbeby samtökin en þau hafa það á stefnuskrá sinni að safna fyrir og styrkja langveik börn með því að hjóla um Evrópu. Á síðasta fundi okkar í maí héldum við Aðalfund samkvæmt lögum Lions. Tveir félagar okkar létust í sumar, þeir Gunnar





Jón Jónsson og Jón Gunnar Stefánsson, báðir flottir lionsmenn sem sárt er saknað, blessuð sé minning þeirra. Þeirra er minnst á öðrum stað í þessu blaði. Ný stjórn er tekin við og er Magnús Jónsson formaður, Magnús Baldursson ritari og Friðgeir H. Guðmundsson gjaldkeri. Við fundum annan og fjórða hvern fimmtudag í Kænunni kl. 19.00.

Við erum bjartsýnir á komandi starfsár og höfum að markmiði að fá yngri menn til starfa í klúbbinn. Bestu Lions kveðjur.

*Friðgeir H. Guðmundsson
MCC formaður og blaðafulltrúi*

Minning + Gunnar Jónsson



Fallinn er frá einn okkar góðu félaga Gunnar Jónsson skipstjóri, hann gekk til liðs við Lionsklúbb Hafnarfjarðar árið 1997 og var alla tíð ötull og virkur félagi. Gunnar sat í flestum nefndum klúbbsins og var jákvæður og tillögu góður. Gunnar var góður liðsauki og vann samviskusamlega að hverju verki sem honum var falið. Klúbburinn naut á margan hátt ævistarfs hans sem skipstjóra. Þó Gunnar væri ekki langorður þá lagði

hann ætíð gott eitt til og vel kom fram í máli hans að þar talaði maður af myndugleik sem hafði reynt yfirmannsins til að bera. Hann ávann sér virðingu félaganna og var sæmdur öllum helstu viðurkenningum klúbbsins.

Sjómennskan kallaði snemma, hann hóf sjómannstíð sína á báti hjá bróður sínum 15 ára gamall. Á 52 ára sjómannsferli kom hann við bæði á bátum og togurum en lauk sinni sjómannstíð hjá Hafrannsóknarstofnun þar sem hann var skipstjóri á rannsóknarskipum frá árinu 1974 og fram til þess að hann hætti fyrir aldurssakir 67 ára gamall. Gunnar var góður liðsauki fyrir lionsklúbbinn og tók vel hverju því verki sem honum var falið. Oft tók Gunnar þátt í árlegum vorferðum klúbbsins sem jafnan eru haldnar í lok hvers starfsárs og var eiginkona hans Gróa Guðjónsdóttir jafnan honum við hlið. Fyrir lionsklúbbinn er söknuður af þeim hjónum báðum og þeirra verður minnst um ókomin ár.

Við félagarnir vottum Gróu og fjölskyldunni allri okkar dýpstu samúð.

*Fyrir hönd Lionsklúbbs Hafnarfjarðar.
Halldór Svavarsson*

Kjaransorða - Umsóknarfrestur er 1. nóvember og 1. mars ár hvert

Björg Bára Halldórsdóttir

formaður Kjaransorðunefndar



orðunefndar eigi síðar en 1. nóvember og 1. mars ár hvert. Ef ekki koma fimm umsóknir frá klúbbum, sem er hámark í hvert sinn flyst það sem upp á vantar fram til næsta fundar en þó ekki milli ára.

Umsóknarfrestur er 1. nóvember og 1. mars ár hvert.

Ákvörðun orðunefndar skal liggja fyrir í síðasta lagi 15. nóvember og 15. mars ár hvert.

Reglum um veitingu Kjaransorðu var breytt fyrir nokkrum árum sem virðist hafa farið fram hjá mörgum. Viljum við í Kjaransorðunefnd þess vegna skýra þar nokkur atriði.

Kjaransorðan er æðsta viðurkenning Lions á Íslandi. Hægt er að veita hana á tvennan hátt, þ.e. frá fjöllumdæmi og frá klúbbum. Klúbbar hafa þannig möguleika á að heiðra sína féлага með þessari æðstu viðurkenningu okkar og er það oft gert í tilefni af stórafmæli klúbbs, félagsins eða við annað hentugt tækifæri þegar félaginn hefur til þess unnið.

Hámarksfjöldi Kjaransorðuveitinga ár hvert eru þrjár orður veittar af fjöllumdæmi og hið mesta tíu veittar af klúbbum, fimm í nóvember og fimm í mars. Kjaransorðan kostar sem svarar til USD 1.000 í íslenskum krónum.

Klúbbum ber að skila inn beiðni ásamt greinargerð um væntanlegan orðupega til

Kjaransmerki

Einnig er hægt að kaupa Kjaransmerki til þess að viðurkenna féлага. Þrjár gerðir eru í boði, gull, silfur og brons og er verð þeirra kr. 20.000, 15.000 og 10.000. Lionsskrifstofan skal halda utan um nöfn og kúbbanöfn þeirra sem viðurkenndir eru með þessum merkjum, eins og með Kjaransorðum.

Andvirði merkja og Kjaransorða (sem og minningarkorta) rennur í Heiðurssjóð Guðrúnar Bjartar sem er hjálparsjóður okkar í Lionsfjöllumdæmi 109, sem áður hét Íslenski hjálparsjóðurinn. Markmið sjóðsins er að veita neyðaraðstoð og styrkja innlend og alþjóðleg verkefni.

Allar nánari upplýsingar svo sem reglur um Kjaransorðu og Heiðurssjóðinn má finna undir liðnum verkefni á heimasíðu Lions á Íslandi:



Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar - Íslenski hjálparsjóðurinn | Lions á Íslandi.

Með von um gott og gefandi starfsár.
Með vináttu leggjum við lið.

F.h.Kjaransorðunefndar
Björg Bára Halldórsdóttir formaður
bjorgbara@simnet.is



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Fréttir frá Lionsklúbbum Úu

Skemmtilegt starfsár er að baki hjá Lionsklúbbum Úu Mosfellsbæ og nýtt að hefjast.

Fundir eru að jafnaði einu sinni í mánuði og er þá fundið upp á ýmsu til gamans og meðal annars fengnir fyrirlesarar til að létta fundina. Margt annað er gert sér til skemmtunar eins og heimsóknir í fyrirtæki, gönguferðir og kaffihúspjall. Lokafundurinn var haldinn í apríl og í óvissuferð í maí var snætt á skemmtilegum veitingastað á Hólmsheiði. Stjórnarskipti fóru fram á veitingastaðnum Blik í lok júní og var matnum þar gerð góð skil ásamt skemmtilegu spjalli.

Eins og flestir vita er Lions sjálfbæðingarsamtök sem láta gott af sér leiða. Fyrir jólin var afhentur styrkur til Hjálparsjóðs kirkjunnar enn það var gert á hátíðlegri stund í Lágafellskirkju ásamt Lionsklúbbi Mosfellsbæjar.

Í lok starfsársins afhentu Úur tvær rafloftdýnur á Hjúkrunarheimilið Hamra í Mosfellsbæ. En það eru dýnur sem eru notaðar til að sjúklingar fái síður legusár, jafnvel talað um þriðju vaktina þar sem þær eru notaðar, munurinn er svo mikill. Höfum við það staðfest að þær komi að góðum notum.

Í ágúst fórum við í árlega útilegu í Skógarnes við Apavatn ásamt Lionsklúbbi Mosfellsbæjar þar sem spilað var golf, grillaðar samlokur að hætti „Gauja“ og snætt saman grillað lambalæri ásamt meðlæti. Skemmtileg samvera þar sem klúbbarnir eru í góðu samstarfi.

Á bæjarhátíðinni „Í túninu heima“ í Mosfellsbæ var klúbburinn með skottsólu sem gekk ágætlega þrátt fyrir leiðinda veður sem félagar létu þó ekki stoppa sig. Er það verkefni vonandi komið til að vera.

Núna verður tekið til óspilltra mála með vetrarstarfið. Þá styttest í undirbúning á helstu fjáröflun okkar sem er sala á vistvænum leiðis greinum fyrir jólin. Þeim hefur verið vel tekið þar sem ekki veitir af að sinna umhverfismálum. Svo má reikna með að margt annað verði tekið fyrir þetta starfsár eins og venjulega.

Félaganefnd



Freyju flautur

Á Ljósanótt, 31. ágúst til 3. september flautaði Lionsklúbburinn Freyja til málverka-sýningar í Reykjanesbæ. Til sýnis og sölu voru 55 myndir sem listmálarinn Elínrós Eyjólfsdóttir gaf til styrktar starfi Freyja. Allt andvirði verkanna rennur í Líknarsjóð Freyja. Elínrós heillaðist af því starfi og hugsjónum sem einkenna Lions og sérstaklega því markmiði að styrkja aðallega okkar nærumhverfi. Árið 2012 gaf Elínrós einnig málverk sín til klúbbsins. Síðan þá er hún gengin til liðs við Freyjur og fögnum við hennar framlagi til starfsins. Svo er óneitanlega alltaf gaman að koma saman, hlæja og skemmta sér við að vinna saman að góðu málefni.

*Hildur Ellertsdóttir
Formaður lkl. Freyja*

